Reykjavík, 23. október 2020
Fundargerð 214. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 23. október var haldinn 214. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 11:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir. Ármann Kr. Ólafsson boðaði forföll.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, Þóra K. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Ásdís Gíslason upplýsingafulltrúi og Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn hjá LRH.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.
Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Síðustu tölur

Farið yfir tölfræði síðustu daga. Á miðvikudaginn voru 971 í einangrun á höfuðborgarsvæðinu sem er fækkun um 44 frá því í síðustu viku. Í sóttkví á svæðinu eru 2.099 sem er fækkun um 292 frá því fyrir viku. Á sama tíma voru 26 manns á sjúkrahúsi, þar af 4 á gjörgæslu.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis

Auglýsingar sem eru í gildi voru lagðar fram á síðasta fundi. Frá því þær tóku gildi hefur AHS sent út tvær fréttatilkynningar og var sú fyrri, um lokanir á íþróttamannvirkjum, sundlaugum og söfnum, lögð fram á síðasta fundi.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fréttatilkynning almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins um takmarkaða opnun íþróttamannvirkja fyrir meistaraflokka og afreksfólk. Dags. 21. október 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Ráðstafanir sveitarfélaganna og neyðarstjórna þeirra

Mikið samstarf og samráð hefur verið á milli sveitarfélaganna, sviða og stofnana þeirra á grundvelli AHS. Sérstök áhersla hefur verið á skóla- og frístundasvið og íþróttamál og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Mikil samvinna hefur verið við ÍSÍ í vikunni vegna lokunar á íþróttamannvirkjum í eigu sveitarfélaganna. Fundað er vikulega með sviðstjórum velferðarsviða og menningarsviða. Fundur í samráðshópi áfallahjálpar á höfuðborgarsvæðinu til að samræma aðgerðir.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Ráðstafanir LRH

Ásgeir Þór fór yfir ráðstafanir og verkefni LRH. Mikið álag hefur verið á lögreglu og nokkrir lögreglumenn í sóttkví vegna verkefna sem þeir hafa þurft að sinna.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Ráðstafanir SHS

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS. Jafnt og stöðugt álag er í sjúkraflutningum og áfram áhersla á sóttvarnir innan starfseininga SHS.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Önnur mál AHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 11:30.

Næsti fundur verður föstudaginn 30. október.

Fylgiskjöl:

AHS:

- Fréttatilkynning almannavarna höfuðborgarsvæðisins um takmarkaða opnun íþróttamannvirkja. Dags. 21. október 2020.

Dagur B. Eggertsson	Rósa Guðbjartsdóttir
Gunnar Einarsson	Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson	

Undirritunarsíða

Dagur B Eggertsson

Undirritað af:
Dagur B Eggertsson
1906725739
Dags: 23.10.2020
Tími: 13:56:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 154d4f0c-ef84-44e0-93f2-5d437123e076

Haraldur Sverrisson

Undirritað af:
Haraldur Sverrisson
1412617119
Dags: 04.11.2020
Tími: 09:44:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 154d4f0c-ef84-44e0-93f2-5d437123e076

Ásgerður Halldórsdóttir

Undirritað af:
Ásgerður Halldórsdóttir
0606565929
Dags: 23.10.2020
Tími: 14:00:08
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 154d4f0c-ef84-44e0-93f2-5d437123e076

Rósa Guðbjartsdóttir

Undirritað af:
Rósa Guðbjartsdóttir
2911653899
Dags: 06.11.2020
Tími: 15:59:19
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 154d4f0c-ef84-44e0-93f2-5d437123e076

Gunnar Einarsson

Undirritað af:
Gunnar Einarsson
2505554079
Dags: 23.10.2020
Tími: 16:49:50
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 154d4f0c-ef84-44e0-93f2-5d437123e076